

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 26/2000
frá 31. mars 2000

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2000 frá 28. janúar 2000⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 864/1999 frá 26. apríl 1999 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 194/97 um hámarksmagn tiltekinna mengunarefna í matvælum⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1566/1999 frá 16. júlí 1999 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 194/97 um hámarksmagn tiltekinna mengunarefna í matvælum⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið birt.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 108, 27.4.1999, bls. 16.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 17.

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 54r (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 194/97) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

- „ - **399 R 0864:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 864/1999 frá 26. apríl 1999 (Stjtið. EB L 108, 27.4.1999, bls. 16),
- **399 R 1566:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1566/1999 frá 16. júlí 1999 (Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 17).“

2. gr.

Texti reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 864/1999 og (EB) nr. 1566/1999 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann 1. apríl 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði tilgreind.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 31. mars 2000.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik *E. Gerner*